

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2004 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2004 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur bifreiðar, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar hennar ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2003 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 9,1 % vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2003. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2003 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2004.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

12. janúar 2004

Nr. 65

AUGLÝSING

frá Fjarðabyggð um breytt deiliskipulag þriggja íbúðarsvæða á Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 18. desember 2003 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi þriggja íbúðarsvæða á Reyðarfirði.

Heiðarvegur – Efstagerði. Samþykkt 20. mars 2002.

Breytingin felst í að lóðimar nr. 1a og 1b við Hæðargerði verða ein lóð nr. 1a og lóðirnar nr. 7a og 7b við Hæðargerði verða einnig ein lóð nr. 7a.

Skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykktur uppdráttur frá 18. mars 2002.

Bakkagerði 1. Samþykkt 8. maí 2002.

Breytingin felst í breyttum númerum, húsagerðum og stærðum lóða norðan Bakkagerðis. Þá er breytt nýtingarhlutfall á lóð nr. 9 við Bakkagerði og breytingar á byggingarreitum á öllum lóðum við Bakkagerði og á lóð nr. 17 við Vallargerði.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir. Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 8. maí 2002.